

## Hvern skal skrá fyrir marki ?

Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga þegar taka þarf ákvörðun um hvaða leikmann skuli skrá fyrir marki, þ.e. ákveða hvort um hafi verið að ræða sjálfsmark eða ekki og hvern í sóknarliðinu skuli skrá fyrir marki.

- Almennt er það dómari sem úrskurðar um slíkt en KSÍ getur tekið það til endurskoðunar.
- Grundvallarreglan er sú að leikmaður er skráður sem markaskorari, ef hann er síðastur í sínu liði til að snerta knöttinn áður en hann fer yfir marklínu mótherja.
- Sjálfsmark er aðeins skráð á leikmann ef hann veldur því með ákveðnum hætti að knötturinn fari í eigið mark, t.d. með því að spyrna knettinum í markið. Hafa ber í huga að þegar sóknarmaður skýtur á markið er ekki hægt að skrá sjálfsmark á varnarmann sem er að reyna að varna því að mark sé skorað. Ef hins vegar t.d. sending kemur frá sóknarmanni að marki og varnarmaður orsakar það með viljandi snertingu að boltinn fer í eigið mark, ber að skrá slíkt sem sjálfsmark.